

25. október 2011

Fundur nr. 65

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 25. október 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Björn Sæbjörnsson og Sigríður Vigdís Þórðardóttir framkvæmdarstjóri

1. Marteinn formaður meistaraflokks mætir og fer yfir stöðuna

Jón Þjálfari meistaraflokks Þróttar kom á fund stjórnarinnar ásamt Marteini Ægissyni og kynnti sig fyrir stjórninni. Marteinn fór hratt yfir stöðu meistaraflokksins og lítur út fyrir spennandi tíma hjá flokknum.

2. Foreldri mætir og ræðir æfingajöld

Foreldri kom á fund stjórnar og benti stjórninni á að hægt sé að misskilja gjaldskrá Þróttar er varðar æfingajöldin. Í bækling Þróttar kemur fram að ef foreldrar eru með fleiri en eitt barn sem iðka íþróttir hjá Þrótti er veittur systkinaafsláttur þ.e. 50% afsláttur fyrir annað barnið og 75% afsláttur fyrir það 3ja. Þessi afsláttur átti eingöngu við um heilsárs íþróttirnar en ekki við þær íþróttir sem er skipt niður í annir líkt og Íþróttaskólinn og yngsti flokkurinn í fótboltanum. Stjórnin ákvað að bregðast við þessu með því að láta systkinaafsláttinn ná yfir allar þær íþróttir sem Þróttur býður uppá þar sem að annað var ekki tekið fram í bæklingnum. Í kjölfarið var framkvæmdastjóra falið að hafa samband við tiltekið foreldri og tilkynna því niðurstöður stjórnarinnar.

3. Fundagerð síðasta fundar

Framkvæmdastjóra var falið að senda formlegt bréf til þeirra þjálfara sem ekki stóðu við samning sinn er varðar að mæta í grunnskólann og kynna sína íþrótt. Enn er verið að vinna að því að koma heimasíðunni í betra stand og vonast stjórnin að hún verði komin í betra ástand sem fyrst. Að öðru leiti var fundagerðin samþykkt.

4. Bréf til bæjarinns

Framkvæmdastjóra var falið að betrubæta bréf til bæjarinns er varðar nýjan styrktarsamning við bæjarfélagið. Þegar framkvæmdastjóri hefur lokið við bréfið mun stjórnin fara yfir það og betrum bæta ef þess þarf og samþykkja það í kjölfarið.

5. Samstarfsamningur við meistaraflokk

Stjórn hyggst gera drög af samstarfssamningi við meistaraflokkinn þar sem kemur fram hvað stjórnin telur sig geta gert fyrir meistaraflokkinn og hvað stjórnin vill að meistaraflokkurinn geri á móti. Marteinn Ægisson formaður meistaraflokksins mun einnig taka þátt í gerð að drögum af samstarfssamningi.

6. Samstarf við Njarðvík

Njarðvík hefur leitað eftir samstarfssamningi með Þrótti í 4. flokk í fótbolta. Stjórnin fagnar því fyrirkomulagi.

7. Samningur við Söndru varðandi badmintonið

Stjórnin ákvað að Sandra skildi skrifa undir ráðningasamning á næsta fundi. Einnig hefur það verið þannig að hingað til hafa iðkendur verið of margir til að hægt sé að sinna þeim sem skildi og því hefur stjórnin ákveðið að fjölga tímunum og aldursskipta hópunum svo að hægt sé að anna eftirspurn.

8. Sambandsfundur UMFÍ

Sigríður og Björn fóru á sambandsfund UMFÍ og fræddu síðan aðra meðlimi stjórnarinnar gróflega um það sem fór fram á fundinu. Einnig var áhugi innan stjórnar að reyna að senda nokkra iðkendur frá Þrótti á unglingsmót UMFÍ á næsta ári sem verður haldið á Selfossi.

9. ÍS fundur

Björn fór á fund ÍS og fræddi aðra meðlimi stjórnarinnar gróflega um framgang fundarinnis.

10. Önnur mál

Rebekka hefur einhliða sagt upp sem þjálfari íþróttaskólans. Stjórnin leggur sig fram við að finna annan þjálfara hið fyrsta.

Þróttur hefur fengið foreldrafélagið í sínar hendur og þar með hefur það verið lagt niður þar sem búið er að fullreyna að manna félagið en illa gengið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:20